



Kornaxinu raðað einhvern tíma á þriðja áratug liðinnar aldar. Ljósmynd eftir Leonid Shokin.

LJÓSMYNDIR Í ÞJÓN- USTU BYLTINGARINNAR

Rússnesk ljósmyndun hefur í tímans rás gengið gegnum miklar breytingar, rétt eins og rússneskt samfélag. Í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum umfangsmikil yfirlitssýning á rússneskri ljósmyndun, með á þriðja hundrað ljósmynda frá árinu 1840 til dagsins í dag. Í myndunum má lesa sögu þjóðar og átök milli ólíkra hugmynda um lífið og listina.

LJÓSMYNDIRNAR á sýningunni eru í eigu Ljósmyndasafns Moskvuborgar. Sýningin er framlag Rússa í samstarfsverkefni með Listasafni Reykjavíkur, en í vetur sem leið var umfangsmikil sýning á íslenskrum ljósmyndun í Moskvu.

Allt frá upphafsárum ljósmyndunar, fyrir miðja nítjándu öld, hefur miðillinn verið mikilvægur þáttur í rússneskri listsköpun. Myndirnar á sýningunni birta því í sögu þjóðarinnar á þessum tíma og listrænar áherslubreytingar í ljósmyndun. Fyrstu ljósmyndararnir í Rússlandi reyndu að gera þetta listform skiljanlegt og ná á því traustum tökum. Allt frá fyrstu tíð kusu ljósmyndarar frekar að mynda viðfangsefni sín utandyra en inni á ljósmyndastofum. Þegar í upphafi þróaðist ljósmyndun í Rússlandi eftir tveimur leiðum; annars vegar fréttá- eða frásagnaljósmyndun, hins vegar með listrænum áherslum.

Löngunin til að ljósmyndun fengi viðurkenningu sem listgrein sem stæði jafnhliða málverki og teikningu hafði mikil áhrif á þróun ljósmyndalistarinnar á fyrstu áratugunum. Helstu viðfangsefni voru þá þekktar konur og landslag. Á sama tíma lagði fjöldi hæfileikaríkra ljósmyndara kapp á að fanga allar

hliðar rússnesks mannlífs á filmur sínar, næstum eins og þeir hafi haft veður af þeim sviptingum sem voru framundan í þjóðfélaginu og myndu útrýma ríkjandi þjóðlífsmyndun.

Í grein í sýningarskrá eftir Olgu Sviblovu, forstöðukonu Ljósmyndasafns Moskvuborgar, sem á öll verkin á sýningunni, kemur fram að byltingin árið 1917 hafi ekki einungis breytt gangi sögunnar í Rússlandi; hún breytti einnig þróun ljósmyndalistarinnar. Fram að því hafði rússnesk ljósmyndun fylgt alþjóðlegum straumum og stefnum og tilheyrð hinni evrópsku ljósmyndahefð. Ein fyrsta tilskipun Leníns var um að ljósmyndun ætti að starfa í þágu byltingarinnar. Hann hugleiddi jafnvel að búa hvern einasta hermann Rauða hersins með myndavél auk riffils. Lenín leit á ljósmyndun sem öflugt vopn í hagsjónabaráttunni. Í landi þar sem ólæsi nálgadist 70% náði áróðursljósmynd betur til fólksins en róttæk greinaskrif. Fréttaljósmyndun var aðeins á móttunarstigi í Rússlandi fyrir 1917, en hin nýju stjórnvöld studdu greinina af krafti.

Í fyrstu efluð sovésk yfirvöld einfaldlega ljósmyndun í heild án þess að blanda sér í umræður og deilur ljósmyndara þess tíma um stíla og stefnur. En rómantískar hugmyndir byltingarinnar ýttu undir framúrstefnu í

Rússlandi; konstruktívisma og ljósmyndun. Hópur konstruktívista-ljósmyndara skutu upp kollinum, þar á meðal voru Alexander Rodtsjenko og El Lisitskíj. Þeir létu mikið til sín taka, tóku að sér yfirumsjón tímarita um listir og ljósmyndun, tóku þátt í öllum stærstu sýningunum auk þess að halda sínar eigin sýningar, og höfðu jafnframt mikil áhrif á yngri kynslóð fréttaljósmyndara.

Á fjórða áratugnum var ekki lengur hægt að líta fram hjá þeirri gjá sem hafði myndast á milli útópískra hugmynda listamanna og hins félagslega raunveruleika. Hugmyndafræðimaskínin hafði þegar brotið einstaklinginn undir sig og nú lagði hún undir sig listaheiminn og þar með ljósmyndun, og bannaði allar stefnur nema sósíal-realisma.

Síðasta stóra sýningin á rússneskri ljósmyndalist var haldin árið 1935 og hét „Meistarar sovétkrar ljósmyndunar“. Þetta var í síðasta sinn sem meistarar mismunandi stefna sýndu saman, en þarna sýndu konstruktívistar, piktoralistar og fréttaljósmyndarar verk sín hlið við hlið.

Á tímum Khrústsjov-, þjóðunnar“ á sjöunda áratugnum losaði nokkuð um tak sovétkerfisins á þjóðlífinu og þar með á listaheiminum. Ný nöfn og ný viðfangsefni skutu upp kollinum í sovéskri ljósmyndun.

Róttækar breytingar áttu sér stað í landinu í lok níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda, þegar Sovétríkin liðuðust í sundur og nýtt stjórnafar, hagkerfi og þjóðfélag tók að myndast. Ljósmyndarar fengu tækifæri til að kynna erlendri ljósmyndun og að sýna erlendis.

Upp úr miðjum tíunda áratugnum var rússnesk ljósmyndun aftur orðin hluti af hinu alþjóðlega landslagi eftir áralanga einangrun, og á vinna og kynningarstarf Ljósmyndasafns Moskvu þar stóran hlut að máli, en það er fyrsta ljósmyndasafnið í Rússlandi.

Góð verk, sem sýna ljóslega öll þessi ólíku efnistöð og áherslur í rússneskri ljósmyndun í gegnum tíðina, gefur að líta á sýningunni á Kjarvalsstöðum.



Áveita. Akrar á floti. Ljósmynd eftir Max Penson frá 1937.



Einvígi. Úr seríunni Moskvuháskóli 1964, eftir Vsevelov Tarassevítsj.